

BÍÓ

306. tbl. júlí 2019

MYNDIR



Disney

THE LION KING

KONUNGUR LJÓNANNA

DONALD SETH CHIWETEL ALFRE BILLY JOHN JOHN WITH AND
GLOVER ROGEN EJIUFOR WOODARD EICHNER KANI OLIVER KNOWLES-CARTER BEYONCÉ JAMES EARL
JONES

Njóttu
lífsins!



Taktu þátt í leiknum á
www.innnes.is



OREO

OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku

Milka



VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNADI!



VERSLAÐU Á NETINU

FLJÓTLEGT - EINFALT - ÞÆGILEGT

ÞÚ GETUR NÚ PANTAÐ MATVÖRU Í GEGNUM VEFVERSLUN NETTÓ* OG SÓTT UM LAND ALLT

REYKJAVÍK • KÓPAVOGUR • HAFNARFJÖRÐUR • REYKJANESBÆR • GRINDAVÍK
AKUREYRI • BORGARNES • HÖFN • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • HÚSAVÍK • ÍSAFJÖRÐUR

HVERNIG VIRKAR NETTÓ Á NETINU?



1. Raðaðu vörunum í körfu

Nú getur þú verslað hvar sem er; Með tölvunni, símanum eða spjaldtölvunni.



2. Veldu afhendingarmáta og stað

Fáðu vörurnar afhentar á 90 mínútum - eða veldu annan tíma næstu 7 daga sem hentar betur.



3. Þú sækir eða við sendum

Þú getur sótt í verslun eða aha sendir vörurnar til þín hvort sem er heim eða í vinnuna.

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

*Hægt er að fá sent heim að dyrum á Akureyri, Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu. Lágmarkspöntun í heimsendingu er 15.000 kr.

Konungur ljónanna og Kóngulóarmaðurinn

Þótt bíóhúsadagskrá kvikmyndahúsanna í júlí virðist í fyrstu ekki innihalda margar myndir þá er ekki allt sem sýnist vegna þess að alveg í lok júní eru tvær myndir frumsýndar sem voru í síðasta blaði, *Annabelle Comes Home* og *Yesterday*, auk þess sem sterkar og vinsælar myndir eins og *Toy Story 4* sem var frumsýnd 19. júní eiga eftir að ganga vel langt fram í mánuðinn.

En hvað með það, þær sjö myndir sem kynntar eru í blaðinu að þessu sinni og bætast við júlídagskrána eru ekki af verri endanum og ber þar hæst forsíðumyndirnar að þessu sinni, *The Lion King*, eða *Konung ljónanna*, og nýja mynd um kóngulóarmanninn Peter Parker, *Far From Home*, sem sagt er að sé einnig ákveðin tímamótamynd í Marvel-kvikmyndaheiminum. Hér er annars dagskráin:

Júlídagskrá bíóhúsanna:

3. júlí	Hundur hennar hátignar	Bls. 18
3. júlí	Spider-Man: Far From Home	Bls. 19
10. júlí	Stuber	Bls. 20
10. júlí	Crawl	Bls. 21
17. júlí	The Lion King	Bls. 22
24. júlí	Anna	Bls. 24
31. júlí	Hobbs & Shaw	Bls. 26

Kíkið svo einnig á DVD- og VOD-útgáfuna hinum megin í blaðinu, en þar kennir margra grasa líka eins og venjulega.

...verðlaunin fyrir besta bíónammið fær



Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá sílið og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna lítið síli sem hefur synt inn á eina síðuna hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þetta: 🐟

Ef þú finnur sílið og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á facebook.com/myndirmanadarins og senda okkur svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem sílið er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og **póstnúmer** með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. júlí**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt í næsta tölublaði sem kemur út í lok júlí.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu býfluguna:

Sandra Dís Ásmundsdóttir, Birkiholti 14, 225 Álftanesi
 Ingólfur Örn Jónsson, Bíldsbrún 1, 801 Selfossi
 Kristinn Þórisson, Hjallalundi 17i, 600 Akureyri
 Sif Björk Birgisdóttir, Steinagerði 19, 108 Reykjavík
 Benedikt H. Guðmundsson, Strokkhólsvegi 4, 801 Selfossi

Takk fyrir þáttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

306. tbl. júlí 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 19.000 eintök

Litríkt bíónammi



KEA SKYR

ÞRJÁR LEIÐIR TIL AÐ NJÓTA



ÞETTA GAMLA GÓÐA

NYJAR
UMBÚÐIR



KOLVETNASKERT

NYTTI!



ÁVEXTIR Í BOTNINUM

NYTTI!





Rómantíska kómedían *Yesterday* verður frumsýnd 26. júní og er spáð miklum vinsældum í kvikmyndahúsum heimsins.

Sjáumst í bíó!

Þetta blað fór í prentun dálítið fyrr í mánuðinum en venjan er og þegar það kemur út á enn eftir að frumsýna tvær af aðalmyndum júnímánaðar, *Yesterday*, sem búist er við að verði stórsmellur og svo þriðju myndina um andsetnu brúðuna Annabelle sem virðist alltaf finna leið til að hrella mann og annan þrátt fyrir að vera kirfilega lokuð inni í búri í kirfilega lokuðum kjallaraherbergjum. Þess utan er nýbúið að frumsýna þrjár aðrar ólíkar en góðar myndir, *Toy Story 4* sem fengið hefur frábæra dóma og enginn má missa af í bíó, heimildarmyndina um knattspyrnugóðið Diego Maradona sem ætti að vera skylduáhorf fyrir bæði fótboltaunnendur og unnendur góðra heimildarmynda og svo rómantíska grímsmellinn *Long Shot* þar sem þau Seth Rogen og Charlize Theron koma öllum á óvart og rugla saman reitum. Það er því full ástæða fyrir allt kvikmyndaáhugafólk að skella sér í bíó í vikunni og klára júnískammtinn áður en júlímyndirnar koma og taka hvíta tjaldið yfir!




Elisabeth Moss, Melissa McCarthy og Tiffany Haddish leika aðalhlutverkin í myndinni *The Kitchen* sem kemur í bíó í ágúst.

Konurnar taka völdin

The Kitchen er fyrsta leikstjórnarverkefni Andreu Berloff sem leikstjóra, en hún skrifaði einnig handritið og á auk þess að baki t.d. handrit myndanna *Sleepless*, *Blood Father* og *Straight Outta Compton* sem aflaði henni og meðhöfundum hennar tilnefninga til Óskarsverðlaunanna 2016 auk fjölda annarra viðurkenninga.

Myndin, sem er væntanleg í kvikmyndahúsi 14. ágúst, er byggð á samnefndum teiknimyndasögum eftir þá Ollie Masters og Ming Doyle sem DC Entertainment gaf út og segir frá þremur eiginkonum írskra mafiósa í New York árið 1978 sem ákveða að halda mafiustarfsemi eiginmanna sinna gangandi eftir að þeim er stungið í steininn. Sú starfsemi inniheldur öll almenn mafiuverkefni, þar með talið að senda óæskilega keppinauta yfir til forfeðra sinna snauti þeir ekki sjálfviljugir á braut.

Fyrsta stiklan er nýkomin út og lofar það góðu að það kæmi okkur hér á Myndum mánaðarins ekki á óvart ef *The Kitchen* yrði þegar upp verður staðið ein af verðlaunamyndum ársins. Kíkið á hana.



Doctor Sleep

Hér sjáum við Ewan McGregor í hlutverki Dannys Torrance gægjast í gegnum gatið fræga sem faðir hans, Jack Torrance, hjó í baðherbergishurðina í mynd Stanleys Kubrick, *The Shining*, þegar hann var að reyna að ná bæði honum og móður hans til að drepa þau, óður af einhvers konar geðveiki sem yfirtekið hafði huga hans, en myndin var eins og flestir vita gerð árið 1980 eftir einni

af mörgum frægum bókum Stephens King. Nú er sem sagt búið að kvikmynda framhald þessarar sögu eftir bókinni *Doctor Sleep* sem kom út 2013 þar sem aðalpersónan er fyrrnefndur Danny Torrance þegar hann er kominn á miðjan aldur og er enn að glíma við afleiðingarnar af því sem gerðist á Overlook-hótelinu. Honum hefur hins vegar tekist að fanga hluta af þeirri skyggngigáfu sem hann býr yfir og nota hana til góðs en á það reynir þegar hann hittir unga stúlku sem virðist búa yfir sömu gáfu og hann sjálfur. Myndin, sem Mike Flanagan leikstýrir, verður frumsýnd í nóvember og er þeim sem vilja vita meira bent á að skoða glænýja stikluna.



Honey Nut
Cheerios
fullt af fjöri

Sumarið er hunangssætt



Quentin Tarantino – Once Upon a Time ... in Hollywood

Once Upon a Time ... in Hollywood eftir Quentin Tarantino er væntanleg í bióhúsin í ágúst og okkur datt í hug að birta hér nokkrar myndir úr henni ... svona til að styttu biðina fyrir þá spenntustu!





FREKJU DOLLA



VILTU. GJÖRA. SVO. VEL!





Allar helstu aðalpersónur fyrri myndarinnar snúa aftur í framhaldsmyndinni, *Frozen II*, ásamt fjölmörgum nýjum.

Leitin að upprunamum

Disney-teiknimyndin *Frozen*, sem var lauslega byggð á ævintýri Hans Christians Andersen, *Snædrottningunni*, sló í gegn svo um munaði árið 2013 bæði hjá börnum og fullorðnum og er enn í dag í toppsæti listans yfir tekjuhæstu teiknimyndir allra tíma. Strax varð ljóst að gert yrði framhald og í nóvember, nánar tiltekið þann 22. er loksins komið að frumsýningu hennar eftir nærri því sex ára bið.



Í myndinni snúa auðvitað allar aðalpersónurnar aftur með þeim Önnu, Elsu, Kristoff, Ólafi og hreindýrinu Svenna í fararbroddi og gerist sagan um þremur árum eftir atburðina í fyrri myndinni. Þessi fimm halda nú út úr heimalandinu Arendelle þegar ný ógn steðjar að í von um að komast að því hvaðan töframáttur Elsu er kominn.

Þess má geta að hjónin Kristen Anderson og Robert Lopez, sem sömdu hið vinsæla lag *Let It Go* snúa líka aftur með fjögur ný lög í *Frozen II* og bíða vafalaust margir eftir að heyra þau, ekki síður en að sjá myndina.



Strákarnir þrír, Thor, Max og Lucas, eru leiknir af þeim Brady Noon, Jacob Tremblay og Keith L. Williams.

Ekki fyrir krakka

Ein af mörgum áhugaverðum myndum sem frumsýndar verða í ágúst er gamanmyndin *Good Boys* eftir félagana Lee Eisenberg og Gene Stupnitsky sem skrifuðu m.a. handrit myndanna *Bad Teacher* og *Year One* auk þess að skrifa marga þætti af bandarísku *Office*-þáttunum. Hún segir frá þremur ellefu ára strákum og skólafélögum, Max, Thor og Jacob, sem segja má að sé farið að þyrsta í meiri vitneskju um veröld hinna fullorðnu, allt frá því hvernig það er að vera fullur eða undir áhrifum annarra eiturefna til þess hvernig börnin verða til – eða þannig. Þessi óbeislaða forvitni á eftir að leiða piltana í hinar mestu ógöngur sem eiga þó eftir að verða þeim lærdómsríkar.

Eins og sést á fyrsta plakati myndarinnar er lögð áhersla á að þessi mynd sé ekki fyrir krakka þótt hún fjalli um krakka heldur fyrir þá fullorðnu sem vilja láta hugann reika til baka þegar þeir voru 11 ára.



Óvinirnir sameinast!

Önnur teiknimyndin um reiðu fuglana og erkióvini þeirra, grænu svínin, kemur í bíó um miðjan ágúst og ætti að gleðja þá sem gaman höfðu af fyrri myndinni. Eftir útreiðina sem svínin fengu í henni fyrir eggjastuldinn hefur leiðtogi þeirra, þ.e. svínanna, hannað viðamikla hefndar- aðgerð gegn Rauð og félögum þannig að allt stefnir í ný átök. Þá gerist það að nýr óvinur lætur á sér kræla sem ræður yfir tækni til að komast bæði yfir heimkynni reiðu fuglanna og svínanna og sannar það á afgerandi hátt. Þetta leiðir til þess að hið ótrúlega gerist, að svínin og fuglarnir ákveða í fyrsta sinn að snúa bökum saman, enda er það bersýnlega eina leiðin til að ráða við hina sameiginlegu ógn sem að þeim steðjar.





Cloetta

SPORT[®]
LUNCH

MILK CHOCOLATE AND
CRISPY WAFERS

MJÖLKCHOKLAD OCH FRASIGA RÅN



Tilgangur lífsins – framhald

A Dog's Journey nefnist ný mynd um hundinn Bailey og framhald myndarinnar *A Dog's Purpose* sem var frumsýnd árið 2017 og bræddi hjórtu margra, ekki síst dýravina.

Í nýju myndinni, sem frumsýnd verður í ágúst, förum við aftur í heimsókn til Ethans, eiganda Baileys, og eiginkonu hans, Hönnu, sem nú búa með ekkju sonar síns, Gloríu, og dóttur hennar, Kathryn. Ólíkt tengdforeldrum sínum og dóttur er Gloríu ekki vel við hunda og ákveður að flytja burt, þeim Ethan og Hönnu til mikillar mæðu því um leið lætur Gloríu í veðri vaka að þau muni ekki fá að hitta Kathryn á ný. Þegar Bailey veikist af ólæknandi sjúkdómi biður Ethan hann um að koma aftur í öðrum hundalíkama eins og hann hefur alltaf gert, en í þetta sinn til að passa Kathryn. Við því á Bailey auðvitað eftir að verða og þar með hefst ævintýrið á ný með öllum þeim húmor og hlýju sem fylgir.



Regn og ráspólar

Og fyrir það kvikmyndaáhugafólk sem kann að meta myndir þar sem hundar eru í stórum hlutverkum megum við til með að geta myndarinnar *The Art of Racing in the Rain* sem verður frumsýnd í september og kemur úr smiðju þeirra sömu og gerðu *Marley and Me*-myndirnar vinsælu á sínum tíma. Í þetta sinn er það hundurinn Enzo sem er í forgrunni og segir okkur sögu sína og eiganda síns, kappakstursáhugamannsins Dennys Swift sem Milo Ventimiglia leikur. Myndin er byggð á bók eftir Garth Stein sem kom út árið 2008 og komst á metsölulista New York Times auk þess að hljóta ýmis eftirsótt bókmenntaverðlaun. Með helstu hlutverk fyrir utan Milo fara þau Amanda Seyfried, Kathy Baker, Gary Cole og Martin Donovan auk Kevins Costner sem ljær Enzo mannlega rödd.




Dóra bjargar málunum

Í ágúst er komið að frumsýningu myndarinnar um Dóru landkönnuð sem eins og allir sjálfsagt vita er byggð á samnefndum teiknimyndarþáttum frá Nickelodeon sem um árabíl, eða frá 2000 til 2015, nutu mikilla vinsælda á hinum ýmsu sjónvarpsstöðum um allan heim, þ. á m. á Íslandi. Bíða margir nú spenntir eftir að sjá hvaða viðtökur Dóra fær á stóra tjaldinu enda er því ekki að neita að þegar fyrst fréttist af gerð myndarinnar hafi margir orðið skeptískir á hugmyndina. Þær efasemdaraddir hafa þó smám saman þagnað ein af annari og í stað þeirra er kominn orðrómur um að myndin sé hin besta skemmtun, fyndin, hröð og spennandi, og eigi alla möguleika á að hitta beint í mark hjá t.d. þeim áhorfendum sem kunnu að meta *Jumanji*-myndina sem frumsýnd var um jólin 2017. Með aðalhlutverkin í myndinni fyrir utan Isabelu Moner sem leikur Dóru fara þau Eva Longoria, Michael Peña, Eugenio Derbez, Jeffrey Wahlberg, Danny Trejo, Q'orianka Kilcher, Temuera Morrison og Benicio Del Toro.



Alveg eins og Bruce

Blinded by the Light nefnist nýjasta mynd bresk-kenísku leikstýrnnar Gurinder Chadha sem er einna þekktust fyrir snilldarmyndina *Bend It Like Beckham* frá árinu 2002, en sú mynd var tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna sem besta mynd ársins og átti stóran þátt í því að Keira Knightley var valin til að fara með hlutverk Elizabethar Swann í *Pirates of the Caribbean*-myndunum. *Blinded by the Light* verður frumsýnd 14. ágúst ef að líkum lætur og sver sig í ætt við *Bend It Like Beckham* að því leyti að hér er um uppvaxtarsögu og „feel good“-mynd að ræða, en hún fjallar um ungan Breta af pakistönskum ættum sem býr í Luton ásamt foreldrum sínum á níunda áratug síðustu aldar. Þegar hann fellur kylliflatur fyrir tónlist og textum Bruce Springsteen setur hann sér það markmið að fara til Bandaríkjanna og sjá goðið, þvert á vilja foreldranna. Sjáð skemmtilega stíkluna sem komin er á netið.



Nú mætir hann!

Glöggir lesendur blaðsins muna kannski að við sögðum frá því í febrúarblaðinu að myndin *The Informer* væri væntanleg í bíó í mars enda stóð það til á þeim tíma. Frumsýningunni var hins vegar frest- að af ókunnum ástæðum fram í ágúst þannig að það er full ástæða til að minna á hana aftur núna. *The Informer* er byggð á bókinni *Þrjár sekúndur* eftir sænska tvíeykið Anders Roslund og Börge Hellström sem kom út árið 2009 og var rómuð sem ein albesta spennusaga þess árs. Þar fer sænski leikarinn Joel Kinnaman með hlutverk uppljóstrara að nafni Pete Koslow sem óhætt er að segja að lendi á milli steins og sleggju þegar hann neyðist til að láta loka sig inni í fangelsi svo hann geti nálgast harðsvírað glæpagengi innan frá. Fram að því hafði fjölskylda hans ekki haft hugmynd um við hvað hann starfaði og lendir í framhaldinu í stórhættu á meðan Pete er lokaður inni. Við förum ekki nánar út í óvæntan og æsispennandi söguþráðinn hér en bendum á kraftmikla stíkluna.




Nú er það svart!

Sérsvaitarmaðurinn og lífvörðurinn Mike Banning mætir í þriðja sinn á hvítu tjöldin í ágúst eftir að hafa gert garðinn frægan í hasarmyndunum *Olympus Has Fallen* árið 2013 og síðan *London Has Fallen* sumarið 2017. Nýja myndin nefnist *Angel Has Fallen* og lætur verkefni sem Mike þurfti að leysa í fyrri tveimur myndunum líta út eins og leikskólaverkefni því nú er það hann sjálfur sem er grunaður um að hafa ætlað að myrða forsetann sem hann hefur svarið að vernda. Þar með fær hann sína eigin leyniþjónustu á hælana og þarf á öllu sínu að halda til að sanna að hann hafi verið leiddur í gildru áður en það er of seint. Sem fyrr er það Gerard Butler sem leikur Mike og í þetta sinn fær hann aðstoð frá föður sínum (Nick Nolte) sem þrátt fyrir að vera orðinn áttæður er ekkert blávatn þegar á reynir. Leikstjóri er Ric Roman Waugh sem síðast sendi frá sér hina kraftmiklu og góðu mynd, *Shot Caller*. Sjáið stíkluna!



Fleiri hákarlar

Hákarlamyndir eru fyrir löngu orðnar sér flokkur innan kvikmyndanna enda hafa þær skotið upp kollinum með nokkuð reglulegu millibili allar götur frá því að meistaraverkið *Jaws* eftir Steven Spielberg sló rækilega í gegn árið 1975 og lagði þann grunn að hákarlamyndir hafa æ síðan átt traustan aðdáendahóp sem mætir á þær. Í ágúst bætist enn ein slík mynd við en hún er eftir enska leikstjóran Johannes Roberts, þann sama og sendi frá sér hákarlamyndina *47 Meters Down* sumarið 2017. Þessi nýja mynd er ekki framhald af þeirri sögu en ber samt framhaldsnafnið *47 Meters Down: Uncaged* og segir frá fjórum unglingsstúlkum sem komast í hann krappan þegar þær kafa niður í rústir fornrar borgar og uppgötva að þar ráða ríkjum hættulegustu hákarlar allra tíma sem hafa ekkert á móti því að fá ferskar og bragðgóðar unglingsstúlkur í matinn. Kíkið á stíkluna.



Ágústhrollurinn

Hrollvekjuunnendur þurfa að fá sinn skammt eins og venjulega og í ágúst verður þeim boðið upp á nýjustu mynd norska leikstjórans André Øvredal sem gerði m.a. meistaraverkið *Trolljegeren* árið 2010 og sendi síðast frá sér hina mögnuðu mynd *The Autopsy of Jane Doe* þar sem hann fór létt með að senda hrollkalda strauma niður bakið á áhorfendum án þess að notast við kvikmyndabrellur að ráði eða blóð. Þá leið fer hann væntanlega einnig í nýju myndinni sem heitir *Scary Stories to Tell in the Dark* og segir frá nokkrum unglungum sem finna gamla bók með draugasögum og komast að því að þegar þær eru lesnar verða þær að veruleika þeirra. Myndin er byggð á bók eftir Alvin Schwartz og það er enginn annar en Guillermo del Toro sem framleiðir myndina og skrifar handritið í samvinnu við aðra. Þessi mynd gæti hæglega slegið hressilega í gegn!





Það fylgir starfi frægustu leikaranna að fylgja eftir myndunum sem þeir leika í, mæta á kynningar á þeim um allan heim og blanda geði við aðdáendur. Tom Holland lætur ekki sitt eftir liggja í þessum efnunum og fór á dögnum í hringferð um Asíu þar sem hann var óspar á að uppfylla draum margra sem vildu fá sjálfu með honum. Hér tekur hann eina slíka.



Þeir Dave Bautista og Kumail Nanjiani mættu saman á MTV-kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunahátíðina 15. júní þar sem þeir voru fengnir til að afhenda ein af verðlaunum kvöldsins enda ættu þeir að vera farnir að þekkja ágætlega eftir að hafa leikið saman í gamanmyndinni *Stuber* sem verður einmitt frumsýnd 10. júlí og er kynnt hér aftur í blaðinu.



Eðalhjónin Annette Bening og Warren Beatty sem hafa verið gift í 27 ár og eiga fjögur börn saman mættu galvösk og brosandí á Tony-verðlaunahátíðina sem haldin var í Radio City Music Hall í New York 9. júní, en á hana komast færri en vilja.



Þessi mynd er úr næstu Pixar-mynd sem til stendur að frumsýna í mars á næsta ári og heitir *Onward*. Hún segir frá ævintýrum álfabæðranna Barleys og lans sem halda út í heim að leita að göldrum og tala með röddum þeirra Toms Holland og Chris Pratt.



Þessa mynd birtum við hér til að minna á að það eru bara sjö ár síðan *The Hunger Games* var frumsýnd og gerði aðalleikkonuna Jennifer Lawrence að stjórn. Bara sjö ár! Segið svo að tíminn líði hratt!




Þriðja myndin um brúðuna Önnubelle og óendanlegan vilja hennar til að láta illt af sér leiða verður frumsýnd um það leyti sem þetta blað kemur út, en fyrstu dómar um hana hafa verið mjög góðir. Hér bregða þær Vera Farmiga og Annabelle á leik þegar myndin var forsýnd í Los Angeles á dögnum.



Þeir Tom Hanks og Tim Allen, sem hafa talað fyrir þá Viddu og Bósa ljósár í enskri talsetningu *Toy Story*-myndanna, hittust enn á ný á dögnum í Disneylandi þar sem þeir spjölluðu við fréttakonu um myndirnar fjórar og ekki síður reynsluna af samvinnunni, en þeir hittust og kynntust fyrst þegar þeir unnu að fyrstu myndinni og hafa síðan verið perluvinir. Þetta bráðskemmtilega viðtal má finna á YouTube.



MTV-kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin voru afhent 15. júní en á þeirri hátíð eru verðlaun veitt fyrir ýmislegt óvenjulegt eins og besta slaginn, besta kossinn og bestu hetjuna, svo eitthvað sé nefnt. Í fyrstnefnda flokknum, verðlaunin fyrir besta slaginn, hlaut Brie Larson poppkornsboxið fyrir frammistöðuna í *Captain Marvel* og hafði þá þegar ákveðið að taka með sér upp á svið þær Renae MoneyMaker og Joönnu Bennett enda sagði hún þær verðskulda verðlaunin miklu fremur þar sem þær hefðu verið staðgenglar hennar í myndinni og framkvæmt áhættuatriðin, þar á meðal stærsta hluta slagsmálanna.



Fyrsta ljósmyndin úr næstu mynd Stevens Spielberg sem leikstjóra, söngleiknum *West Side Story*, var birt í júní og sýnir aðalpersónurnar, þau Tony og Mariu ásamt hóp af vinum Tony, og er uppstillingin sennilega nokkuð kunnugleg þeim sem þekkja vel til 1957-myndarinnar. Með hlutverk Tony og Mariu fara Ansel Elgort og Rachel Zegler og verður myndin frumsýnd 18. desember 2020. Fyrir þá sem ekki vita þá er *West Side Story*-sagan eftir Arthur Laurents sem byggði hana aftur lauslega á *Rómeó og Júlíu* eftir William Shakespeare og það voru síðan þeir Leonard Bernstein og Stephen Sondheim sem sömdu tónlistina og lagatextana.



Stjarna hinnar 22 ára gömlu Zendayu hefur risið hratt að undanfögnu og á vafalaust eftir að fara hærra þegar *Spider-Man: Homecoming* verður frumsýnd 3. júlí og kannski enn hærra en það þegar næsta mynd Denis Villeneuve, *Dune*, kemur í bíó, en þar fer hún með hlutverk Chani.



Það fór mjög vel á með þeim Ed Sheeran og Lily James þar sem þau hittust á forsýningu myndarinnar *Yesterday* í London á dögunum, en myndin verður frumsýnd 26. júní og er reiknað með að hún muni hljóta mikla aðsókn í kvikmyndahúsum heimsins langt fram í júlí.



Keanu Reeves hefur lengi notið mikilla vinsælda en sjaldan samt jafnmikilla og einmitt núna eftir frammistöðuna í *John Wick 3*. Eins og áður veður hann ekki síður athygli fyrir að vera gersamlega laus við allt sem kalla má stjórnu-stæla og lætur sér frægðina í léttu rúmi liggja.

**NÝTT
Í BÍO**
**FRUMSÝND
31. JÚLÍ**



12

LAUGARÁS  **BÍO**
BARA LÚXUS



DWAYNE JOHNSON JASON STATHAM

FAST & FURIOUS HOBBS & SHAW

UNIVERSAL
A COMCAST COMPANY
© 2019 UNIVERSAL STUDIOS

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

ÁLFABAKKI SAMBÍÓ

STÚDÍÓN EGILSHÖLLI

BORGAR BÍÓ

Nei, hættu nú alveg!

Rex er einn af nokkrum konunglegu hundum Elísabetar Englandsdrottningar og nýtur ekki bara þeirra forréttinda að búa í Buckingham-höll heldur er hann uppáhaldshundur hennar hátignar. Dag einn kemur Donald Trump forseti Bandaríkjanna í heimsókn ásamt eiginkonu sinni og tikinni Mitzi sem fær þegar augastað á Rex. Þar með setur hún í gang atburðarás sem á eftir að leiða Rex í miklar ógöngur – sem gætu þó orðið að gæfu hans.

Hundur hennar hátignar er eftir belgíska tvíeykið, teiknarana og leikstjórana Ben Stassen og Vincent Kesteloot sem eiga að baki margar þekktar teiknimyndir, t.d. myndirnar um skjaldbökkuna Samma, *Robinson Crusoe* og *Son stórfótar* sem allar voru sýndar í kvikmyndahúsum hér á landi og hafa notið mikilla vinsælda.

Hér kynnumst við Rex allt frá því að hann er pínulítill hvolpur og hrífur alla í Buckinghamhöll með krúttlegu útliti og ærslum sem þó ganga stundum fulllangt að mati starfsfólks hallarinnar. En Rex bíður einnig þraut sem á eftir að reyna verulega á hans innri hund ...




Hundur hennar hátignar

Teiknimynd

L 85 mín

Íslensk talsetning: Orri Huginn Ágústsson, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Bjarki Kristjánsson, Íris Hólm Jónsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Aðalbjörn Tryggvason og Þórunn Jenny Qingsu Guðmundsdóttir
Leikstjórn: Tómas Freyr Hjaltason **Bió:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 3. júlí



Veröldin hefur breyst

Skólaárið er á enda runnið og Peter Parker hlakkar til að fara í sumarfrí sem m.a. inniheldur skólaferð til Evrópu, þ. á m. til Feneyja og Lundúna. Til að byrja með vonast Peter til að geta hvílt kóngulóarbúninginn í ferðinni en það á eftir að breytast þegar Nick Fury birtist og fer fram á að hann aðstoði hinn dularfulla Quentin Beck, öðru nafni Mysterio, við að berjast á móti fjórum óvættum sem kallast Elementals og ráða yfir náttúrukröftunum sem kenndir eru við jörð, vatn, eld og vind.

Það hlakka sjálfsgagt margir aðdáendur Marvel-myndanna til að sjá *Far From Home*, ekki bara vegna átaka Peters og Quentins við frumkraftana fjóra, sem hafa verið hluti af sagnaheimi Marvel allt frá árinu 1974 og tilheyrta annarri vídd, heldur og vegna þess að látið hefur verið að því liggja að myndin slái tóninn í nýrri stefnu sem Marvel-sögurnar taka nú eftir að lykilpersónur úr fyrri sögunum eru horfnar á braut. Hver sú stefna er vitum við hér á Myndum mánaðarins ekki og bíðum eins og aðrir spennt eftir að sjá hvað gerist ...



Það er Tom Holland sem leikur kóngulóarmanninn eins og hann gerði í síðustu *Spider-Man*-mynd, *Homecoming*, í *Avengers*-myndunum *Infinity War* og *Endgame* og í *Captain America: Civil War*.

Spider-Man: Far from Home

Ofurhetjur / Ævintýri



Aðalhlutverk: Tom Holland, Zendaya, Jake Gyllenhaal, Samuel L. Jackson, Cobie Smulders, Jon Favreau, Marisa Tomei, Angourie Rice og Jacob Batalon **Leikstjórn:** Jon Watts **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Keflavík, Borgarbíó, Selfossbíó, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 3. júlí



Jake Gyllenhaal leikur hinn öfluga en dularfulla Quentin Beck sem kallast einnig Mysterio eftir að hann er kominn í ofurbúninginn.

Veistu svarið?

Spider-Man: Far From Home er þriðja bíómyndin sem fyrirsætan, dansarinn, rithöfundurinn, tónlistarkonan og leikkonan Zendaya leikur í en hún lék eins og kunnugt er einnig í *Spider-Man: Homecoming*. En í hvaða mynd lék hún á milli þessara tveggja?




The Greatest Showman.

Punktur

- Sagan í myndinni gerist eftir atburðina í *Avengers: Endgame* og er það m.a. tekið fram í aðalstiklu hennar að bæði hún og svo að sjálfsgöðu myndin sjálf innihaldi söguspilla fyrir þá sem hafa ekki enn séð *Endgame*. Sjálfsgagt eru þeir þó ekki margir sem eiga það eftir.
- Leikstjóri myndarinnar, Jon Watts, leikstýrði einnig síðustu *Spider-Man*-mynd, *Homecoming*, og handritshöfundarnir eru einnig þeir sömu, þeir Erik Sommers og Chris McKenna.



Pau Angourie Rice, Jacob Batalon og Zendaya leika þrjá af nánustu vinum og skólafélögum Peters Parker, Betty, Ned og Michelle Jones.



Stuber

Gamanmynd / Hasar



Aðalhlutverk: Kumail Nanjiani, Dave Bautista, Karen Gillan, Steve Howey, Mira Sorvino, Iko Uwais, Natalie Morales og Jimmy Tatro
Leikstjórn: Michael Dowse **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Egilshöll og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 10. júlí



Myndin gerist í Atlanta-borg í Georgíuríki og er óhætt að segja að Stu lendi í vandræðum með að komast heill í gegnum daginn.

Veistu svarið?

Kumail Nanjiani hefur lengi notið vinsælda í Bandaríkjunum fyrir uppstandsgrein auk leiks í vinsælum grínþáttum. Hann sló hins vegar í gegn alþjóðlega þegar hann skrifaði og lék í gamanmynd sem aflaði honum Óskartilnefningar 2018. Hvaða mynd?



The Big Sick

Spennu beltið!

Stu er sérlega kurteis, hæglátur og vandvirkur maður sem er einkar umhugað um að halda í fimm stjörnu-einkunnina sem hann hefur aflað sér sem Uber-leigubílstjóri. Þegar lögreglumaðurinn Vic tekur bíl hans á leigu ógnar hann um leið öllu því sem Stu er kærast og setur líf hans algjörlega úr skorðum.

Gamanmyndin *Stuber* eftir leikstjórnann Michael Dowse kemur í bíó 10. júlí og ætti að kæta alla sem kunna að meta léttar myndir af þeirri tegund sem á ensku hafa verið kallaðar „buddy“-myndir. Þar hittast oft en ekki fyrir tveir gjörólíkir karakterar sem í fyrstu virðast ekki eiga neitt sameiginlegt en eiga síðan eftir að ná saman áður en yfir lýkur. Það eiga þeir Stu og Vic líka áreiðanlega eftir að gera þrátt fyrir að samband þeirra byrji frekar illa þegar Vic dregur Stu út í eltingarleik við stórhættulegan morðingja að nafni Teijo. Ef það var eitthvað sem Stu vantaði ekki inn í líf sitt þá er það einmitt brjáláður morðingi, enda ógnar Teijo ekki bara heilsu hans og lífi heldur einnig vel bónaða bílnum og orðsporinu hjá Uber ...



Hinn vandvirki Uber-bílstjóri Stu veit vart hvaðan á sig stendur veðrið þegar nýjasti kúnninn reynist vera lögreglumaðurinn Vic sem dregur hann með sér út í eltingarleik við stórhættulegan morðingja.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar er Michael Dowse sem gerði m.a. *Fubar*-myndirnar tvær (2002 og 2010), *It's All Gone Pete Tong* (2004), *Take Me Home Tonight* (2011), *Goon* (2011) og *The F Word* (2013), en allar eiga þær það sameiginlegt að hafa hlotið mjög góða dóma.
- Karen Gillan leikur annað aðalkvenhlutverkið í myndinni, lögreglufélaga Vics, en Karen og Dave Bautista ættu að þekkjast vel eftir að hafa leikið saman í *Guardians of the Galaxy*-myndunum og *Avengers*-myndunum *Infinity War* og *Endgame* þar sem Dave lék Drax og Karen lék örlagavaldinn Nebulu, dóttur Thanosar.





Crawl

Tryllir

16



87 min


Aðalhlutverk: Kaya Scodelario, Barry Pepper, Ross Anderson, Anson Boon, Jose Palma, Morfydd Clark, Annamaria Serda og Colin McFarlane **Leikstjórn:** Alexandre Aja **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frumskýnd 10. júlí



Veistu svarið?

Aðalleikkona *Crawl*, hin breska Kaya Scodelario, er einna þekktust fyrir leik í sjónvarpsseríunum *Skins*, *Spinning Out* og *Southcliffe* en lék líka stórt hlutverk í vinsælum bíó-þrileik sem var frumsýndur 2014, 2015 og 2018. Hvaða þrileik?



The Maze Runner

Þú kemst inn. En kemstu út?

Þegar öllum íbúum bæjarfélagsins Coral Lake á vesturströnd Flórída er skipað að yfirgefa bæinn þar sem fellibylur af allra stærstu gerð er við það að ganga yfir svæðið með tilheyrandi flóðum uppgötvar Haley Keller að faðir hennar, Dave, svarar ekki kalli. Þvert á ráðleggingar yfirvalda heldur hún því inn í bæinn, staðráðin í að finna föður sinn áður en það er of seint.

Góðir og hraðir spennutryllar eru myndir sem stór hluti kvikmynda-húsagesta kann að meta og má því ef að líkum lætur reikna með að *Crawl* eigi eftir að gera það gott þegar hún kemur í bíó 10. júlí.

Leit Haley að föður sínum ber árangur þegar hún kemur að honum slösuðum og rænulausum í kjallara húss síns. En þar með er björg-unin rétt að byrja því nú þurfa þau feðgin að komast undan hinum gríðarþunga stormi og ekki síður kraftmikilli flóðbylgjunni sem hann ber með sér og á eftir að færa bæinn í kaf innan skamms. Og eins og þetta sé ekki nóg þá fylgir flóðbylgjunni urmull af svöngum krókó-dílum sem hefðu ekkert á móti því að hafa þau feðgin í matinn ...



Kaya Scodelario leikur hina hugdjörfu Haley sem þarf að leggja líf sitt undir í tilraun til að bjarga föður sínum frá vísam dauða.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar, Alexandre Aja, á m.a. að baki endurgerð Wes Craven-myndarinnar *The Hills Have Eyes* árið 2005, sálfræðitryllana *Mirrors* (2008) og *The 9th Life of Louis Drax* (2016) og svo hinn stórmerka ráðgátutrylli *Horns* frá árinu 2013 þar sem Daniel Radcliffe fór með hlutverk manns sem á uxu horn eftir að unnusta hans var myrt og hann var grunaður um að hafa myrt hana.



Barry Pepper leikur föður Haley, Dave Keller.



The Lion King Konungur ljónanna Teiknimynd

Aldurstakmark og lengd ekki fyrirlliggjandi fyrir prentun

Íslensk talsetning: Jóhann Sigurðarson, Orri Huginn Ágústsson, Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Gabríel Máni Kristjánsson, Íris Hólm Jónsdóttir, Þórunn Jenný Qingsu Guðmundsdóttir, Hannes Óli Ágústsson, Ævar Þór Benediktsson, Björgvin Franz Gíslason, Hjálmar Hjálmarsson og fleiri **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frummynd 17. júlí



Konungurinn snýr aftur

Disney-teiknimyndin *The Lion King*, eða *Konungur ljónanna*, frá árinu 1994 er að margra mati ein besta teiknimynd sem gerð hefur verið enda sló hún áhorfsmet á sínum tíma. Þann 17. júlí verður frumsýnd hreint út sagt stórkostleg endurgerð þessarar myndar sem gefur töfrum og gæðum þeirrar fyrri ekkert eftir.

Það þarf ekki að rekja söguþráð *The Lion King* fyrir neinum en þess ber þó að geta að í þessari nýju útgáfu er að finna mörg ný atriði og sjónarhorn í bland við öll meginatriði 1994-myndarinnar. Í henni gefur enn fremur að heyra nýjar lagasmíðar en líka fjögur af vinsælustu lögnum úr fyrri myndinni, *Can You Feel The Love Tonight*, *The Circle of Life*, *I Just Can't Wait to Be King* og *Hakuna Matata*. Auk þess sneru þeir Elton John og Tim Rice aftur til að semja nýtt lag fyrir myndina sem þau Beyoncé og Donald Glover flytja undir lok hennar.

Við viljum að sjálfsgöðu hvetja allt kvikmyndaáhugafólk, bæði gamla aðdáendur 1994-myndarinnar svo og nýjar kynslóðir sem vaxið hafa úr grasi síðan þá, að missa ekki af þessu meistaraverki í bíó.

Punktur

- Myndin verður sýnd bæði með íslenski talsetningu og enski auk þess sem vonast er til að hægt verði að sýna hana með pólsku talsetningunni en það hafði ekki verið staðfest þegar blaðið fór í prentun. Í ensku útgáfunni eru það m.a. þau Donald Glover, Chiwetel Ejiofor, James Earl Jones, Beyoncé, Seth Rogen, Keegan-Michael Key, Alfre Woodard, John Oliver, Billy Eichner og John Kani sem ljá helstu persónunum raddir sínar í leikstjórn Jons Favreau.
- Þess má geta til gamans að Þorvaldur Davíð Kristjánsson sem talar fyrir Simba þegar hann er orðinn fullorðinn talaði einnig fyrir Simba í 1994-teiknimyndinni, en þá þegar Simbi var ungur.




OF GOTT TIL AÐ
SLEPPA ÞVÍ



Útlitið er ekki allt

Anna Poliatova er sannarlega ekki öll þar sem hún er séð því undir fögru yfirborðinu býr miskunnarlaus útsendari rússnesku leyniþjónustunnar sem drepur samkvæmt skipunum, hvort sem er með hefðbundnum vopnum eða berum höndum.

Anna er nýjasta mynd Lucs Besson sem leikstjóra og handritshöfundar og lofar góðu fyrir þá sem kunnu t.d. að meta næstsíðustu mynd hans, *Lucy*, þar sem bardagasenur og önnur hasaratriði voru í fyrirrúmi. Í þetta sinn segir hann okkur söguna af Önnu sem sýndi ung að árum fram á að hún bjó bæði yfir styrk og hæfileikum til að verða einn öflugasti útsendari rússnesku KGB-leyniþjónustunnar þegar fram liðu stundir. En hver var, og er enn, hennar eigin vilji?



Í hlutverki hinnar stórhættulegu Önnu er rússneski dansarinn, fyrirsætan og núna nýstirni í leiklistarheiminum, Sasha Luss.

Anna

Spennumynd / Hasar



Aðalhlutverk: Sasha Luss, Helen Mirren, Luke Evans, Cillian Murphy, Lera Abova, Alexander Petrov, Nikita Pavlenko, Anna Krippa, Eric Godon og Ivan Franek **Leikstjórn:** Luc Besson **Bíó:** Sambíóin Álfbakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frumskýnd 24. júlí



Veistu svarið?

Anna er enn ein af nokkrum myndum Lucs Besson þar sem nafn aðalpersónunnar er jafnframt heiti myndarinnar. Skemmst er að minnast næstsíðustu myndar hans, *Lucy*, og t.d. myndanna *Léon*, *Angel-A*, *Colombiana* og *Joan of Arc*, en hver var sú fyrsta?



Punktar

• Hin rússneska Sasha Luss er fædd 6. júní 1992 og er því nýorðin 27 ára gömul. Hún hefur um árabíl verið á meðal þekktustu og eftirsóttustu fyrirsætta heims en hún var aðeins 13 ára að aldri þegar hún gerði sinn fyrsta fyrirsætusamning og hefur síðan unnið fyrir mörg af þekktustu tískuhúsum heims eins og t.d. Chanel, Dior, Valentino, Lanvin, Balmain, Oscar de la Renta, Max Mara, Tommy Hilfiger, LA Perla, Karl Lagerfeld, Moschino, Carolina Herrera og Moncler auk þess að vera tíður gestur á forsiðum tískublaða á Vesturlöndum. Sasha lék smáhlutverk, hlutverk prinsessunnar Liho-Minaa, í síðustu mynd Lucs Besson, *Valerian and the City of a Thousand Planets* og verður gaman að sjá hvernig hún stendur sig í aðalhlutverki þessarar myndar. Þess má get að Sasha, sem ætlaði sér að verða ballettdansari á sínum yngri árum, æfði austurlenska bardagatækni stíft í nokkra mánuði fyrir gerð þessarar myndar.



Hvað er þitt
UPPÁHALDS?
KFC



TOWER
ZINGER



Mjúk Zinger kjúklingabringa, kartöfluskífa, kál, salsa, léttmajónes og ristað hamborgarabrauð.
Bamm!

1.179 kr.

STAKUR

1.689 kr.

MÁLTÍÐ





Fast & Furious: Hobbs & Shaw

Gaman / Hasar

Aldurstakmark ekki fyrirleggjandi fyrir prentun

129 mín

Aðalhlutverk: Dwayne Johnson, Jason Statham, Idris Elba, Vanessa Kirby, Helen Mirren, Eddie Marsan, Eiza González, Teresa Mahoney og Cliff Curtis **Leikstjórn:** David Leitch **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 31. júlí



Það er óhætt að fullyrða að þeir Hobbs og Shaw eigi eftir að sjá það svart í baráttunni við Brixton Lore sem ræður yfir ofurkröftum.

Veistu svarið?

Vanessa Kirby, sem leikur Hattie, systur Deckards Shaw, hefur leikið í nokkrum þekktum myndum en er fyrst og fremst þekkt sem sviðsleikkona og fyrir leik í þekktum sjónvarpsþáttum sem öfluðu henni bresku BAFTA-verðlaunanna í fyrra. Hvaða þáttum?



The Crown

Ekkert gefið eftir ...

Tveimur árum eftir atburðina í *The Fate of the Furious* þurfa erkióvinirnir Luke Hobbs og Deckard Shaw að leggja persónulega óvild sína hvors í annars garð til hliðar og snúa þess í stað bókum saman í baráttu við sameiginlegan óvin þeirra, og reyndar alls mannkyns, hinn gríðarlega öfluga Brixton Lore.

Það leikur enginn vafi á að þessi „hliðarmynd“ í *Fast & Furious*-seríunni mun gera það gott í kvikmyndahúsum en hún verður heimsfrumsýnd á Íslandi 31. júlí. Hér eiga sviðið þeir Luke Hobbs og Deckard Shaw sem eru sannarlega engir vinir eftir sín fyrri viðskipti en auk þess kynnumst við nú systur Deckards, Hattie, sem er heldur ekkert lamb að leika sér við, og bræðrum Lukes sem einnig eru hver öðrum öflugri. Saman leggur þessi vaski hópur til atlögu við hinn genabreytta Brixton Lore sem er ekki bara öflugur og snjall heldur ræður yfir her hryðjuverkamanna. Búið ykkur undir hasar og grín eins og það gerist best og áhættuatriði sem taka öllum öðrum fram!



Aðaltöfvararnir þrír í *Hobbs & Shaw*: Jason Statham sem leikur fyrrverandi sérsvaitarmanninn og nú málaliðann Deckard Shaw, Dwayne Johnson sem leikur alríkislögreglumanninn Luke Hobbs og Idris Elba sem leikur fyrrverandi MI6-njósarann Brixton Lore sem nú er leiðtogi hryðjuverkamanna og er á höttunum eftir banvænni veiru sem getur þurrkað út allt mannkynið eins og það leggur sig.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar er David Leitch sem var m.a. meðleikstjóri fyrstu *John Wick*-myndarinnar og leikstýrði síðan *Atomic Blonde* og *Deadpool 2*. Handritshöfundur er hins vegar Chris Morgan sem skrifað hefur handrit allra *Fast & Furious*-myndanna frá og með *Tokyo Drift* árið 2006 og skrifar einnig handrit níundu myndarinnar sem frumsýnd verður næsta sumar, en hún er í leikstjórn Justins Lin.





POP PLAY EAT



MÖGULEIKI Á AÐ
VINNA
SONY-
HÁTALARA
Á HVERRI
KLÜKKUSTUND*

 +  = MÖGULEIKI
Á AÐ VINNA!
WWW.PRINGLES.COM

